



## 53. þing Íþróttabandalags Hafnarfjarðar

Haldið í Hásölum fimmtudaginn 11. maí 2023

Þingskjal nr.

### Tillaga um endurskoðun samninga Hafnarfjarðarbæjar við íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði

**53. þing ÍBH haldið 11. maí 2023 í Hásölum**, samþykkir að hvetja Hafnarfjarðarbæ til að endurskoða samninga við íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði.

#### Greinargerð:

Þegar síðasta heildarendurskoðun samninga Hafnarfjarðarbæjar við íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði var gerð árið 2016, var byrjað með lægri upphæðir inn í samningunum en í svipuðum íþróttafélögum í nágrennasveitarfélögum, vegna fjárhagsstöðu sveitarfélagsins, en þó með því lofordi að reynt yrði að leiðrétta samningana á næstu árum. Samningarnir hafa hækkað samkvæmt vísitöluhækkunum sem fjárhagsáætlun bæjarfélagsins hefur unnið með fyrir hver ár. Raunin er sú að samningarnir hafa ekki verið leiðréttir og stuðningurinn er enn of lítill við innra starf félaganna og verkefnunum fjölgar með hverju ári sem líður. Ennfremur taka samningarnir ekki tillit til þess að stærri íþróttafélögin þurfa að ráða starfsfólk til að reka íþróttastarfið.

Þetta þarf að laga.

Flutningsaðili: Stjórn ÍBH.

Vísað til:  Allsherjarnefndar  Fjárhagsnefndar  Íþróttanefndar  Laganefndar